

**Nd.**

**388. Breytingartillögur**

**[6. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur samkvæmt þessum málslið. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins herra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið herra vörugjald.

2. Við 5. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Ráðherra er heimilt með sama hætti og kveðið er á um í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum að undanþiggja þar um ræddar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr.